

Mánudaginn 26. október 1964.

Nr. 42/1963. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Kristjáni Ágústssyni (Páll S. Pálsson, hrl.),

Haraldi Ólafssyni

(Einar B. Guðmundsson hrl.)

og

Eiríki Helgasyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Línal.

Tolllagabrot. Upptaka smyglvarnings.

Dómur Hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu til handa ákærða Haraldi Ólafssyni.

Um samskipti hinna ákærðu Kristjáns og Eiríks, að því er tekur til varnings þess, sem málið snýst um, skal þessa getið: Þeir Eiríkur og Kristján hafa báðir skýrt svo frá, að Eiríkur hafi annazt innkaup á varningnum, þegar hann var á ferð í Bandaríkjunum í októbermánuði 1960. Var varan flutt í vörugeymslu, sem einkafyrirtæki Kristjáns, North American Export Co., hafði aðgang að. Skyldi Kristján eða greint fyrirtæki hans sjá um sendingu varningsins til Íslands, þar á meðal annast um að setja hann í umbúðir, merkja hann og flytja til skipaafgreiðslu. Samdi Kristján reikninga um sölu vörunnar frá North American Export Co. til fyrirtækis Eiríks, firmans E. Helgason & Co. í Reykjavík. Á farmskirteini yfir tvo kassa með varningi, eins og síðar getur, var fyrirtækið North American Export Co. talið sendandi vörunnar. Ákærði Eiríkur lýsti yfir því fyrir dómi hinn 8. febrúar 1961, að ákærði Kristján hefði átt „helm-

inginn af sendingunni óskiptri“ og að hann hafi auk þess átt að fá 10% af innkaupsverði vörunnar af hluta Eiríks fyrir að annast sendinguna. Þegar Kristján kom fyrir dóm hinn 18. ágúst 1961, lýsti hann þenna framburð Eiríks rangan. Kvað hann Eirík hafa átt varninginn einan, en hins vegar hafi hann „lagt út í upphafi fyrir vörunum til Eiríks“, en síðar hafi Eiríkur greitt sér vöruna í nóvembermánuði 1960 með tékkávisun frá Útvegsbanka Íslands. Í þinghaldi þessu kvaðst Kristján „hafa átt að fá greidd 10% í umboðslaun af innkaupsverði vörunnar í Bandaríkjunum frá Eiríki“, en umboðslaun þessi séu þá enn ógreidd. Fyrir dómi 11. september 1961 og 3. janúar 1963 breytti Kristján framburði sínum á þá leið, að hann hafi ekki lagt Eiríki til fé til innkaupanna, heldur gengið í ábyrgð gagnvart bandarísku fyrirtækjunum, sem vörunnar voru frá, um skilvísu greiðslu.

Auðsætt er af því, sem hér hefur verið rakið, að afskipti ákærða Kristjáns af vörunni voru ekki eingöngu þau að annast sendingu hennar til Íslands, heldur hafði hann einnig meiri hagsmuna að gæta.

Í hinum áfrýjaða dómi er því lýst, að umræddur varningur var sendur til Íslands með e/s Lagarfossi í fjórum kössum, en að farmskrá greindi aðeins tvo kassa (farmskrárnúmer 431). Komið er fram, að hafnarkvittun (Dock Receipt) var gefin fyrir tveimur kössum, og er hún einkennd með tölunni 1494. Á kvittunina er einnig skrifað farmskrárnúmerið 431 og rúmmál kassanna, samtals 93.4 rúmfet. Nú er það svo, að á þann kassa, sem í málinu er einkenndur III, er skráð „D R 1494“, og á kassann, sem einkenndur er IV, er einnig skráð talan 1494. Kassarnir nr. III og IV reyndust við mælingu samtals 90.03 rúmfet, og skeikar þar ekki miklu frá því, sem hafnarkvittunin segir um rúmmálið. Hins vegar er samanlagt rúmmál kassanna nr. I og II aðeins 66.58 rúmfet. Það, sem hér hefur verið rakið, bendir eindregið til þess, að bæði hafnarkvittunin og farmskrárnúmerið 431 eigi við kassana nr. III og IV, og verður það lagt til grundvallar í málinu. Teljast þessir kassar því ekki innfluttir sem smyglvarningur, þó

að þyngd þeirra og merking sé ekki í samræmi við tilgreiningu á farmskrá, svo sem nánar er lýst í héraðsdómi.

Ákærði Eiríkur var staddur í New York, þegar umrædd vara hans var sett í umbúðir og flutt til skips. Það er ljóst af framburði hans fyrir dómi hinn 17. nóvember 1960, að honum var kunnugt um, meðan hann dvaldist í New York, að varan hafði verið sett í fjóra kassa og að farmskirteini hafði ekki verið gert um tvo minni kassana. Þetta kemur einnig heim við framburð ákærða Kristjáns fyrir dómi hinn 8. desember 1960, en þar kveður hann Eirík hafa „fylgt með því, er vörunnar voru settar í kassana“. Að vísu hafa þeir báðir, Eiríkur og Kristján, breytt þessum skýrslum sínum síðar, en ekkert hefur komið fram, sem hnekki hinum fyrsta framburði þeirra um þetta efni. Verður að telja ákærða Eirík, sem var innflytjandi vörunnar, eiga aðalsök á misferli því, sem átti sér stað um innflutninginn. En svo sem rakið er í héraðsdómi, átti ákærði Kristján þar einnig sök. Refsikrafa hefur verið gerð á hendur Kristjáni, og er brot hans í héraðsdómi rétt fært til refsíakvæða. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt, kr. 45.000.00, er renni í ríkissjóð, og komi varðhald 3 mánuði í stað sektar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákærði Eiríkur, sem eingöngu hefur verið sóttur til upptöku, en eigi refsíabyrgðar, skal þola upptöku á varningi þeim, sem var í kössum, auðkenndum nr. I og II, en vera sýkn af kröfu um upptöku á varningi í kössum, auðkenndum nr. III og IV.

Um sakarkostnað skal fara, sem hér segir:

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Haralds Ólafssonar í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Eiríks Helgasonar í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 16.000.00, skal greiða úr ríkissjóði, þar sem krafa á hendur honum um greiðslu sakarkostnaðar er ekki gerð í ákæruskjali.

Ákærði Kristján Ágústsson greiði skipuðum verjanda sínum í héraði og fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, samtals

kr. 20.000.00. Hann greiði og málssóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, að því er varðar sókn á hendur honum, kr. 8.000.00. Allan annan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiði ákærði Kristján að $\frac{2}{3}$ hlutum.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sýknu Haralds Ólafssonar á að vera óraskað. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 12.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Eiríkur Helgason skal þola upptöku á varningi þeim, sem var í kössum, auðkenndum nr. I og II í máli þessu. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 16.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Kristján Ágústsson greiði kr. 45.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 3 mánuði í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann greiði skipuðum verjanda sínum í héraði og fyrir Hæstarétti, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, samtals kr. 20.000.00. Hann greiði einnig saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 8.000.00. Loks greiði hann allan annan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að $\frac{2}{3}$ hlutum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. febrúar 1963.

Ár 1963, laugardaginn 23. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins að Gunnlaugi Briem sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 682—684/1963: Ákærvaldið gegn Kristjáni Ágústssyni, Haraldi Ólafssyni og Eiríki Helgasyni, sem dómtekið var 12. þ. m.

Málið er höfðað samkvæmt ákæru, dagsettri 25. október s.l., gegn Kristjáni Ágústssyni heildsala, 30—18, 79th Street, Jackson Heights, Long Island, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, Haraldi Ólafssyni, fyrrverandi skipstjóra á m/s Lagarfossi, Kleifarvegi 5, Reykjavík, og Eiríki Helgasyni stórkaupmanni, Laugarásvegi 57, Reykjavík.

I. Gegn ákærða Kristjáni Ágústssyni er málið höfðað fyrir brot á 1. mgr. 38. gr. sbr. 2. mgr. 23. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956.

Þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við greind lagaákvæði með því að hafa síðari hluta októbermánaðar 1960, er ákærði sem forstöðumaður North American Export Co. annaðist sendingu á fatnaðarvörum fyrir meðákærða Eirík Helgason til E. Helgason & Co., Reykjavík, Iceland, frá New York með m/s Lagarfossi til Reykjavíkur, ranglega sagt til um þunga, merki og stykkjatal vörusendingarinnar, en ákærði gaf tollfyrirgreiðslumanninum D. J. Ambrosio í New York, sem annaðist útgáfu útflutnings-skjala og farmbréfs, upp þunga vörusendingarinnar sem 500 kíló, eða 500 ensk pund, en þungi varanna ásamt umbúðum reyndist við athugun tollgæzlumanna í Reykjavík vera 703 kíló, og enn fremur gaf ákærði fyrrnefndum tollfyrirgreiðslumanni upp merki vörusendingarinnar sem E. Helgason, Reykjavík, Iceland, og að vörurnar væru í tveimur kössum, en hingað til lands komu umræddar fatnaðarvörur í fjórum kössum með merkinu E. H., Reykjavík, Iceland, í lest m/s Lagarfoss, sem kom til Reykjavíkur frá New York fimmtudaginn 3. nóvember 1960.

II. Gegn ákærða Haraldi Ólafssyni er málið höfðað fyrir brot á 1. mgr. 22. gr. sbr. 42. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956, með því að við eftirlit tollgæzlumanna í lest skips ákærða, m/s Lagarfossi, í Reykjavíkurhöfn mánudaginn 7. nóvember 1960 eftir komu skipsins frá New York fimmtudaginn 3. sama mánaðar fundust fjórir kassar með fatnaðarvöru, merktir E. H., Reykjavík, Iceland, að þunga 121, 102, 250 og 230 kíló, samtals 703 kíló, án þess að í farmskrá skipsins væri getið um slíkar vörur með framangreindu merki, þunga og stykkjatölu, en hins vegar var skráð á farmskrá skipsins undir B/L No. 431 tveir kassar Wearing Apparel, sendir af North American Export Co., til E. Helgason & Co., Reykjavík, Iceland, merktir E. Helgason, Reykjavík, Iceland, að þyngd 500 ensk pund, og fundust eigi í farmi skipsins kassar, er svöruðu til framangreindrar lýsingar, að því er merki snertir.

III. Gegn ákærða Eiríki Helgasyni er málið höfðað til að sæta sem eigandi upptöku til ríkissjóðs samkvæmt 4. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956 á fjórum kössum af fatnaðarvöru, merktum E. H., Reykjavík, Iceland, sem fundust í vörulest m/s Lagarfoss mánudaginn 7. nóvember 1960 og nánar er lýst í II. ákærulið og eigi var getið í farmskrá skipsins.

Þess er krafizt, að ákærðu Kristján Ágústsson og Haraldur Ólafsson verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar og ákærði Eiríkur Helgason verði dæmdur til að þola upptöku fjögurra kassa af fatnaðarvöru, sem nánar er lýst í III. lið ákærunnar, samkvæmt 4. mgr. 38. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956.

Ákærðu eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna.

Ákærði Kristján er fæddur 1. júlí 1923 á Brimilsvöllum í Fróðárhreppi.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði á tímanum frá 8/1 1942—26/1 1949 í Reykjavík og Hafnarfirði verið sektaður 9 sinnum fyrir ölvun á almannafæri, þar af 2 sinnum einnig fyrir áflog og óspektir. Nema sektirnar frá 25 kr. upp í 150 kr. í hvert sinn.

Árið 1951, 22/2, var ákærði sektaður um 1200 kr. í Reykjavík fyrir brot á 1. mgr. 36. gr. laga nr. 63/1937.

Árið 1944, 27/6, var ákærði dæmdur í lögreglurétti Reykjavíkur í 10 daga varðhald og sviptur ökuskírteini í 3 mánuði fyrir að stjórna bifreið undir áhrifum áfengis.

Árið 1956, 21/11, var ákærði dæmdur í sakadómi Reykjavíkur í 60.000.00 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 3. gr. laga nr. 88/1953, lögum nr. 63/1933 og 262. gr. hegningarlaga. Árið 1957, 25/11, gekk dómur í Hæstarétti í máli þessu, og var ákærði þá dæmdur í 180.000.00 kr. sekt fyrir framangreint brot.

Ákærði Haraldur er fæddur 2. desember 1895 á Ketilseyri í Dýrafirði.

Árið 1921, 29/7, og árið 1924, 3/4, var ákærði sektaður í Reykjavík fyrir bannlagabrot, í annað skiptið 300 kr., en í hitt skiptið 500 kr.

1935, 1/11, og árið 1940, 27/8, var ákærði sektaður í Reykjavík fyrir brot á tolllögum, í annað skiptið kr. 750.00, en í hitt skiptið kr. 100.00.

Þá hefur ákærði hlotið eftirtaldar sektir í Reykjavík: 1940 27/8 5 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 18/1901,

1955 11/9 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952 og

1957 13/9 100 kr. sekt fyrir vanrækslu á skoðun bifreiðar.

Árið 1961, 7/2, var ákærði dæmdur í Siglingadómi í 3000 kr. sekt og sviptur rétti til skipstjórnar (ekki stýrimennsku) í 3 mánuði fyrir brot á 15., 16., 27. og 29. gr. sbr. 33. gr. tilskipunar nr. 47/1953 og 261. gr. laga nr. 56/1914.

Ákærði Eiríkur er fæddur 25. júní 1927 í Reykjavík.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði á tímabilinu frá 19/2 1947—21/1 1953 verið sektaður í Reykjavík 7 sinnum fyrir ölvun á almannaferi, og nema sektirnar frá 25—400 kr. í hvert sinn.

Þá hefur ákærði á tímabilinu frá 2/2 1955—22/6 1962 verið sektaður 13 sinnum fyrir ýmis umferðarbrot, svo sem ólöglegar bifreiðastöður, ökuhraða og ógætilegan akstur, og nema sektirnar frá 50—1500 kr. hverju sinni.

Árið 1952, 15/2, var ákærði kærður fyrir innbrot og þjófnað í íbúð föður síns. Var það mál fellt niður samkvæmt 256. gr., 3. mgr., hegningarlaga.

Loks var ákærði 24/11 1953 dæmdur í sakadómi Reykjavíkur í 1200 kr. sekt og sviptur ökuleyfi í 12 mánuði fyrir brot á áfengis- og bifreiðalögum.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 10. nóvember 1960, kærði tollstjórinn í Reykjavík út af því, að komið hefðu með m/s Lagarfossi, er kom til Reykjavíkur frá New York 3. sama mánaðar, 4 kassar af fatnaðarvörum, einkum barnafatnaði, merktir „E. H., REYKJAVÍK, ICELAND“. Þegar farið var að athuga farmskrá skipsins, kom í ljós, að merki þetta fannst ekki á henni. Hins vegar voru á farmskránni nr. 431, 2 kassar af fatnaðarvörum (Wearing Apparel) til „E. Helgason & Co., Reykjavík, Iceland.“ Á farmskránni voru kassar þessir sagðir vera merktir E. Helgason, Reykjavík, Iceland, og vera 500 ensk pund að þyngd. Sendandi kassanna samkvæmt farmskránni var fyrirtækið North American Export Co., og var númerið á útflutningsskýrslunni E 2242248.

Auk kassa þeirra, er að framan greinir, hafði fyrirtækið North American Export Co. sent til fyrirtækisins E. Helgason & Co. 1 pappakassa af metravöru úr nælon, og var númer hans á farmskránni 421.

Tollgæzlustjóri kvað kassa þenna hafa komið til skila með réttum ummerkjum, og væri hann því fyrir utan mál þetta.

Tollverðirnir Jón Pétur Andrésson og Karl Guðjónsson voru

við tollgæzlu í m/s Lagarfossi hinn 7. nóvember, þegar umræddir kassar fundust. Kveðast þeir hafa komið auga á kassana kl. 9—10 að morgni nefnds dags, þegar þeir voru að fylgjast með losun úr III. lest skipsins. Kassarnir voru merktir, eins og áður greinir, „E. H., REYKJAVÍK, ICELAND“, en merki þetta gátu þeir ekki fundið á farmskrá þeirri, sem þeir höfðu meðferðis.

Kassarnir voru að sögn tollvarðanna á neðra millidekki III. lestar skipsins, þrír á stjórnborðssiðu og einn framan við þilið miðskips. Samkvæmt frásögn Jóns Péturs Andréssonar stóðu þrír kassanna saman með litlu millibili, en sá fjórði þeirra var nokkurn spöl frá þeim framan við þilið miðskips. Að sögn Karls Guðjónssonar stóðu tveir kassanna fast saman og sá þriðji ofan á öðrum þeirra, næstum á sama stað í lestinni og Jón Pétur hefur skýrt frá, að þeir hafi verið. Fjórði kassinn stóð hins vegar nokkurn spöl frá hinum þremur, á sama stað og Jón Pétur hefur skýrt frá.

Tollverðirnir kveða affermingu úr m/s Lagarfossi hafa verið búna að standa síðan 3. nóvember, þegar að kössunum kom. Kassarnir voru að sögn Karls Guðjónssonar allir merktir eins með blákrít. Þeir voru af tveimur stærðum, eins og síðar mun rakið. Jón Pétur kveður sér hafa fundizt útlit stærri kassanna með þeim hætti, að þeir þyrftu nánari athugunar við. Að sögn Karls vakti merking kassanna athygli þeirra tollvarðanna og einnig það, að tveir kassanna áttu aðeins að vera til E. Helgason & Co. samkvæmt farmskránni.

Kassarnir voru opnaðir í lestinni til athugunar á innihaldi þeirra. Að sögn Karls Guðjónssonar var allur umbúnaður varningsins í þeim óvenjulegur og var talinn þurfa nánari athugunar við. Kassarnir voru því færðir upp á tollbúð.

Samkvæmt farmskránni, en hún er samkvæmt upplýsingum tollgæzlustjóra eina gagnið, sem tollgæzlan fær í hendur sem greinargerð fyrir því, hvað í farminum felst, komu engir kassar fram í farmi m/s Lagarfoss, merktir „E. Helgason & Co., Reykjavík, Iceland.“

Tollgæzlan tók margnefnda kassa til rannsóknar, og verður nú rakið það, er kom fram við hana.

Til aðgreiningar voru kassarnir samkvæmt skýrslu tollgæzlustjóra merktir með rómverskum tölum, og verður þeirri merkingu haldið í dómi þessum.

Samkvæmt skýrslu tollgæzlustjóra voru kassarnir af tveimur stærðum. Stærri kassarnir, er hafa hlotið merkinguna III og IV,

komu fyrst upp úr lestinni. Þeir voru svipaðir að stærð og þyngd og eins að frágangi, t. d. báðir járnbentir, og hið sama var að segja um merkingu þeirra. Merkingin á kössunum var handskrifuð með svartkrít, en það kveður tollgæzlustjóri vera fremur sjaldgæft um kassa, sem sendir eru af verzlunarfyrirtækjum, þótt slík merking sé að vísu engan veginn eins dæmi. Svipuð vara var í kössunum, eins og síðar mun rakið, og allt benti til þess, að þeir væru samstæðir. Merkingin „E. H., REYKJAVÍK, ICELAND“, var skráð á tvær hliðar allra kassanna samkvæmt upplýsingum frá tæknideild rannsóknarlögreglunnar, er sá um ljósmyndun þeirra.

Kassi nr. III vó 250 kg, eða 551 enskt pund. Á hann var skráð auk merkingarinnar „D R 1494, Lagarf., 2, R/Vík“, og sérstæð á öðrum kassanum var talan „48“. Rúmmál kassa þessa var 70"×32"×32" eða 41.48 rúmfet. Samkvæmt upplýsingum tollgæzlunnar voru í kassa þessum eftirtaldar vörur:

| | |
|------------------------------|----------|
| Smábarnaföt | 240 stk. |
| Barnabuxur úr nælon | 999 — |
| Barnasmekkir úr bómull | 120 — |
| Barnapeysur úr bómull | 348 — |
| Telpukjólur | 222 — |
| Smábarnaföt m/húfu | 418 — |
| Prjónakjólur | 294 — |

Kassi nr. IV vó 230 kg eða 507 ensk pund. Á hann var skráð auk merkingarinnar „1494, 2 R/VÍK, L/FOSS“. Rúmmál kassa þessa var 70"×31¾"×37¾" eða 48.55 rúmfet. Í kassa þessum voru samkvæmt upplýsingum tollgæzlunnar þessar vörur:

| | |
|-------------------------|----------|
| Nælon-barnagallar | 108 stk. |
| Barnabuxur | 719 — |
| Sokkabuxur | 595 — |
| Húfur, orlonprjón | 576 — |

Samanlögð brúttóþyngd kassa III og IV er því samkvæmt framansögðu 580 kg eða 1058 ensk pund, og rúmmál þeirra er samanlagt 90.03 rúmfet.

Minni kassarnir eða kassar, merktir I og II, fundust í lestinni að sögn tollgæzlustjóra, eftir að Nr. III og IV voru komnir í vöruheimsloshús og höfðu verið teknir þar til athugunar. Kassar þessir virtust samstæðir. Þeir voru líkir að stærð, með svipuðu innihaldi og frágangur þeirra áþekkur, t. d. var hvorugur

kassanna járnbundinn. Merking kassanna var eins, gerð með merkibleki og algengum merkisstöfum.

Kassi nr. I vó 121 kg eða 266.7 ensk pund. Á kassa þessum kemur fyrir áletrunin 48-¾, skráð með blýanti, og kveður tollgæzlustjóri hugsanlegt, að hún hafi verið gerð, eftir að kassarnir komu hingað. Þess er getið, að talan 1494 sé ekki á kassa þessum. Rúmmál kassans er 39½"×45¼"×33½" eða 34.65 rúmfet. Samkvæmt upplýsingum tollgæzlunnar voru í kassa þessum eftirtaldar vörur svo og tómir pappakassar:

| | | | |
|---------|--------------------------------|-------|---------|
| Nr. 920 | Barnakjólar, nælon | | 24 stk. |
| — 1513 | Barnakjólar, nælon | | 24 — |
| — 803 | Barnakjólar, nælon | | 24 — |
| — 1414 | Barnakjólar, nælon | | 24 — |
| — 1522 | Barnakjólar, nælon | | 19 — |
| — 219 | Barnakjólar, nælon | | 11 — |
| | Skriðföt úr bómull | | 60 — |
| | Skriðföt, prjónuð | | 59 — |
| — 901 | Peysur úr bómull | | 12 — |
| | Terry Cap, baðhettur | | 120 — |
| | Tómir pappakassar, áprentaðir | | 358 — |
| | Tómir pappakassar, óáprentaðir | | 284 — |

Kassi nr. II vó 102 kg eða 224.8 ensk pund. Hið sama er um kassa þenna að segja og kassa nr. I, að áletrunin 1494 kemur þar ekki fyrir. Á kassa þessum er auk merkingarinnar eftirfarandi áletrun, rækilega yfirstrikuð, en þó læsileg:

„Lot 706 435 (Fremsta talan e.t.v. 9)

CID 365575 — 1

367 × 364

Col.“

Enn fremur kemur fyrir sérstök og óútsrikuð talan 553, skrifuð með blýanti. Að því er tollgæzlustjóri segir, kann hér að vera um að ræða áritun, sem gerð hefur verið, eftir að kassarnir komust í hendur tollgæzlunnar hér. Loks er talan 76 skrifuð með merkibleki, að því er virðist. Ekkert innbyrðis samband virðist vera milli þessara tveggja síðastgreindu talnaáletrana og annarra áletrana á kassanum.

Í upphafi rannsóknar málsins var þessara merkja ekki getið. Kveður tollgæzlustjóri það hafa stafað af því, að þau hafi enga þýðingu gagnvart tollgæzlunni hér. Tollgæzlan geti einungis farið eftir þeim auðkennum, sem koma fram á farmskránni,

þegar um það er að tefla, hvort réttilega hafi verið gerð grein fyrir varningi, sem finnst í farmi skipa, enda sé farmskráin eina gagnið, sem tollgæzlan fái í hendur, fyrir því, hvað í farminum felist, eins og áður segir.

Rúmmál kassa þessa er $33\frac{1}{2}'' \times 80\frac{1}{2}'' \times 54''$ eða alls 31.93 rúmfet. Samkvæmt upplýsingum tollgæzlunnar voru í kassa þessum eftirtaldar vörur og tómir pappakassar:

| | |
|---------------------------|---------|
| Sokkabuxur | 73 stk. |
| Barnabuxur úr nælon | 252 — |
| Tómir pappakassar | 68 — |

Samanlögð brúttóþyngd kassa I og II eru því 223 kg eða 491.5 ensk pund og rúmmál þeirra alls 66.58 rúmfet.

Við athugun á innihaldi kassanna fundust pökkunarlisti (Packing List) með dagsetningunni 10/10 1960 og pökkunarmiði (Packing Slip) með dagsetningunni 1/7 1960 til fyrirtækisins North American Export Co. Var pökkunarmiðinn í kassa nr. III.

Þá kom fram við athugun á pappakössum, sem voru í kössunum, að rifið eða skafið hafði verið út af merkimiðum, sem á þá voru límdir, að því er virðist heiti fyrirtækis þess, sem þeir höfðu verið sendir til. Partar af einum slíkum merkimiða fundust í einum kassanna, og þegar þeir höfðu verið settir saman (sjá dómskjal nr. 19), kom í ljós, að á miðanum hafði staðið North American Export Co. og heimilisfang fyrirtækisins.

Ákærði Kristján og ákærði Eiríkur voru báðir í Bandaríkjunum, þegar m/s Lagarfoss kom hingað til lands í umrætt skipti, en ákærði Kristján er þar búsettur, eins og áður greinir. Ákærði Eiríkur kom hingað til lands 16. nóvember 1960 samkvæmt upplýsingum Útlendingaeftirlitsins. Var hann búinn að vera í Bandaríkjunum síðan 2. október. Enn fremur skýrði Útlendingaeftirlitið frá því, að hann hefði farið þangað tvisvar áður á árinu. Í fyrra skiptið fór ákærði 27. janúar og kom aftur 1. marz, og síðara skiptið fór ákærði 23. júní og var til 18. ágúst.

Daginn eftir að ákærði kom frá Bandaríkjunum eða hinn 17. nóvember, var fyrst þingað í máli þessu. Mætti ákærði þá og gaf skýrslu. Jafnframt lagði hann fram frumrit af farmskírteini yfir margnefndar fatnaðarvörur, og eru þær tilgreindar þar á sama hátt og á farmskránni.

Auk þess afhenti ákærði reikninga, dagsetta 24. október 1960, frá fyrirtækinu North American Export Co. til fyrirtækis síns

E. Helgason & Co. yfir vörusendinguna. Á reikningi þessum er skýrt frá magni, heiti og verði varanna. Leyfi til útflutnings varningsins frá Bandaríkjunum er skráð á reikningana.

Síðar kom í ljós, þegar varningurinn í kössunum hafði verið talinn, að vörumagnið í þeim var ekki fyllilega í samræmi við það, er á reikningunum greindi. Var ýmist meira af sumum vörutegundum í kössunum en vera átti samkvæmt reikningunum eða þá minna.

Samkvæmt framangreindum vörureikningum átti eftirtalinn varningur að vera í sendingunni:

Vörureikningur á dskj. nr. 7.

| | | | |
|--|-----------|--------------------|-----------------|
| 108 stk. Children's Snowsuits (barnagallar) á | \$ 2.10 | Alls | \$ 226.80 |
| 48 tylftir Children's Caps (barnahúfur, prjónaðar) | — \$ 9.07 | — | \$ 435.36 |
| 50 tylftir Children's Tights (barnasokkabuxur) | — \$ 3.10 | — | \$ 155.00 |
| 25 tylftir Children's Panties (barnanærbuxur) | — \$ 3.25 | — | \$ 81.25 |
| 16 tylftir Children's Panties (barnanærbuxur) | — \$ 3.50 | — | \$ 56.00 |
| 21 tylftir Children's Panties (barnanærbuxur) | — \$ 4.50 | — | \$ 94.50 |
| | | | \$ 1048.91 |
| | | Umbúðir og sending | \$ 15.00 |
| | | | U.S. \$ 1063.91 |

Samkvæmt talningu tollgæzlumanna vantar 5 stk. af Children's Tights (barnasokkabuxum) í kassana, en að öðru leyti er reikningur þessi yfir vörurnar réttur.

Vörureikningur á dskj. nr. 8.

| | | | |
|---|------------|------|-----------|
| 15 tylftir Children's Nylon Dresses (nælonkjólar barna) | á \$ 6.75 | Alls | \$ 101.25 |
| 4 tylftir Children's Nylon Dresses (nælonskírnarkjólar) | — \$ 12.75 | — | \$ 51.00 |
| 41 tylft Children's Creepers Crawlers (smábarnaföt) | — \$ 12.75 | — | \$ 522.75 |
| 14 tylftir Children's Creepers Crawlers | | | |

| | | | |
|--|-------------------|----|------------------|
| (skriðföt) | - \$ 6.38 | — | \$ 89.32 |
| 9 tylftir Children's Creepers Crawlers (skriðföt) | - \$ 6.75 | — | \$ 60.75 |
| 20 tylftir Children's Panties Sets (barnabuxnasett) | - \$ 12.75 | — | \$ 255.00 |
| 50 tylftir Children's Panties Diaper (barnableyjuset) | - \$ 2.13 | — | \$ 106.50 |
| 32 tylftir Children's Panties (barnanærbuxur) | - \$ 3.50 | — | \$ 112.00 |
| 27 tylftir Children's Panties (barnanærbuxur) | - \$ 4.50 | — | \$ 121.50 |
| 5 tylftir Children's Diaper Set (barnableyjuset) | - \$ 12.75 | — | \$ 63.75 |
| 10 tylftir Children's Bibs (barnasmekkir) | - \$ 1.20 | — | \$ 12.00 |
| 10 tylftir Children's Sweaters (barnapeysur) | - \$ 6.75 | — | \$ 67.50 |
| 10 tylftir Children's Sweaters (barnapeysur) | - \$ 5.45 | — | \$ 54.50 |
| | | | \$ 1617.79 |
| | Pökkun og sending | \$ | 22.50 |
| | | | U. S. \$ 1640.29 |

Samkvæmt talningu tollgæzlumanna vantar 6 stk. af Children's Nylon Dresses (nælonkjólum barna) og 716 stk. af Children's Creepers Crawlers (smábarnafötum), Children's Panties Sets (barnabuxnasettum), Children's Panties Diaper (barnableyjuset) í kassana upp á sendinguna, en umfram það, sem á að vera samkvæmt reikningunum, eru 288 stk. Panties (barnanærbuxur) og 108 stk. Sweaters (barnapeysur).

Vörureikningur á diskj. nr. 9.

| | | |
|--|------------|----------------|
| 9 tylftir Children's Creepers (smábarnaföt, skriðföt) | á \$ 12.75 | Alls \$ 114.75 |
| 10 tylftir Children's Nylon Dresses (nælon barnakjólar) | - \$ 6.75 | — \$ 67.50 |
| 10 tylftir Ladies' Shower Caps (baðhúfur kvenna) | - \$ 4.00 | — \$ 40.00 |
| 1 tylft Children's Sweaters (barna- | | |

| | |
|---------------------------------------|-----------------|
| peysur) | — \$ 6.75 |
| 1 tylft Children's Nylon Dresses | — \$ 12.75 |
| | <hr/> |
| | U. S. \$ 241.75 |

Af Children's Creepers (smábarnafötum, skriðfötum) voru í kassanum 11 stk. umfram það, er á vörureikningi greindi, en af Children's Nylon Dresses (nælonkjólum barna) vantaði 6 stk. upp á sendinguna.

Vörureikningur á dskj. nr. 10.

| | | |
|---|-----------|-----------|
| 11 tylftir Children's Tights (barna-sokkabuxur) | á \$ 3.10 | \$ 34.10 |
| 21 tylftir Children's Panties (barna-nærbuxur) | — \$ 3.50 | \$ 73.50 |
| | | <hr/> |
| | | \$ 107.60 |

Af Children's Tights (barnasokkabuxum) vantaði 59 stk. upp á sendinguna.

Í vörn Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða Haralds Ólafssonar, er skýrt frá því, með hvaða hætti vörur eru afgreiddar til skipa, sem flytja þær frá New York til Reykjavíkur. Kveðst lögmaðurinn í örstuttu máli vilja gera grein fyrir þessu, og segir svo í vörn hans um þetta:

„Hinn bandaríski sendandi snýr sér til sérstaks firma (Forwarder eða Forwarding Agent), sem hann fær vörurnar í hendur, og felur því jafnframt að annast útflutnings- og tollafgreiðslu þeirra svo og afhendingu í vörugeymslu á hafnargarði þeim, er skipið, sem vörurnar tekur, leggst að. Að þessu loknu fær afgreiðslufirmað viðurkenningu fyrir afhendingu vörunnar í vörugeymsluhús, svokallað „Dock Receipt“. Afgreiðslufirmað býr síðan til farmskírteini, fer með það í skipaafgreiðsluna, sem að því er Eimskipafélagið snertir, er Thule Ship Agency í New York, og fær farmskírteinið gefið út gegn afhendingu þessa afhendingarseðils (Dock Receipt). Skipaafgreiðslan semur síðan farmskrá samkvæmt þeim farmskírteinum, er afgreiðslan hefur gefið út. Farmskráin er afhent skipinu og jafnframt send skips-eiganda (hér Eimskipafélagi Íslands) í flugpósti ásamt afriti af farmskírteinum.“

Dómarinn skrifaði Eimskipafélagi Íslands bréf, dagsett 22. nóvember 1960, skýrði þar frá málavöxtum og fór þess á leit

við félagið, að það kannaði mál þetta. Svarbréf barst frá félaginu 14. desember sama ár, og fylgdu því nokkur skjöl.

Í bréfi D. J. Ambrosio, tollfyrirgreiðslumanns í New York, til Thule Ship Agency, Inc., er hefur umboð fyrir Eimskipafélagið þar, dags. 1. desember, en D. J. Ambrosio hafði á hendi fyrirgreiðslu við útflutning umræddra vara, segir, að þegar nauðsynleg skilríki, þ.e.a.s. hafnarkvittun, tollgæzluskírteini og hleðsluskírteini vegna skipsins, höfðu verið gefin út, hafi merking til útskipunar verið tilgreind þannig: „E. HELGASON, REYKJAVÍK, ICELAND“.

Seinna hafði North American Export Co. skýrt sér frá því, að kassarnir hafi í rauninni verið merktir: „E. H. REYKJAVÍK 2“.

D. J. Ambrosio kveður útflutningsskýrslu til tollyfirvalda, „Shipper's Export Declaration“, hafa verið gefna eftir upplýsum, sem látnar hafi verið í té í símtali.

Loks skýrir D. J. Ambrosio frá því, að sölureikninga yfir sendinguna hafi hann fengið í hendur, eftir að m/s Lagarfoss hafði látið úr höfn.

Í útflutningsskýrslunni til tollyfirvalda, „Shipper's Export Declaration“ frá D. J. Ambrosio, dags. 24. október 1960, segir, að varan hafi verið flutt út með m/s Lagarfossi frá bryggju A, Erie Basin í New York.

Útflýttjandi er North American Export Co., og umboðsmaður þess er D. J. Ambrosio. Endanlegur viðtakandi vörunnar er sagður E. Helgason & Co., Reykjavík, Iceland, og merking hennar er „E. HELGASON, REYKJAVÍK, ICELAND“. Varan er sögð í tveimur kössum og vera fatnaður, „Wearing Apparel“. Síðan er varan talin upp, gefin upp brúttó og nettó þyngd hennar í enskum pundum og f.o.b. verð í bandarískri höfn. Er þetta á þessa leið:

| Heiti | Brúttóþyngd | Nettóþyngd | F.o.b.verð |
|---|-------------|------------|------------|
| „(Children's Clothing — Nylon Snowsuits Dresses | 250 | 200 lbs. | \$ 831 |
| „Children's Underwear — Nylon Pajamas — Panties — Tights“ | 150 | 100 — | \$ 775 |
| „(Cotton — Children's — Panties — Pajamas)“ | 50 | 30 — | \$ 600 |
| „Plastic Panties — Children's“ | 15 | 9 — | \$ 240 |
| „(Children's Caps — Wool)“ | 20 | 48 dos. | \$ 436 |
| „(Children's Sweaters)“ | 15 | 9 lbs. | \$ 135 |

Ljósrit af hafnarkvittun liggur fyrir. Hún er dagsett 20. október 1960, og er númer hennar 1494. Farmskírteinisnúmer er skráð á hana, og er það 431. Samkvæmt hafnarkvittuninni hefur verið tekið á móti á bryggju A, Erie Basin í New York, tveimur kössum af fatnaði frá D. J. Ambrosio á vegum North American Export Co. Á sendingin að fara með m/s Lagarfossi til Reykjavíkur. Sendendur segja vöruna hafa vegið 500 ensk pund. Varan er sögð merkt „E. HELGASON, REYKJAVÍK, ICELAND“. Samkvæmt hafnarkvittuninni hafa kassarnir verið afhentir á bryggjunni 21. október, kl. 8.34. Með kassana kom flutningabifreið frá Hertz Corporation, og hafði hún skrásetningarmarkið 155282. Bifreið þessi fór á brott af bryggjunni kl. 1.52 e. h.

Á hafnarkvittunina er skráð rúmmál kassanna. Reiknast það þannig:

1: 6/0, 2/8, 2/8 og 2: 6/0, 3/2, 2/8 eða samtals 93/4 rúmfet.

Í bréfi frá Thule Ship Agency, Inc., dagsett 8. desember 1960, segir svo um þetta, að með því að bera saman mál þessi við málín á kössunum muni vera hægt að ganga úr skugga um það, hverjir þeir tveir kassar hafi verið, sem í rauninni hafi verið afhentir heiðarlega sem farmsending.

Enn fremur segir í bréfi þessu, að móttökumaðurinn á bryggju A hafi spurt talningarmanninn, sem tók á móti sendingunni, hvort hinir tveir heiðarlega sendu kassar hefðu verið merktir „E. H.“ eða „E. HELGASON“. Því miður hafi talningarmaðurinn ekki munað það með vissu, að því er segir í bréfinu, en sagt, að sig minnti, að kassarnir hefðu verið merktir „E. HELGASON“.

Í bréfi þessu segir, að Thule Ship Agency, Inc., hafi og útvegað sölureikningana yfir vörusendinguna. Að þeim verður ekki vikið hér, enda hafa þeim verið gerð skil hér að framan.

Loks segir í margnefndu bréfi, að Thule Ship Agency, Inc., hafi enga tilkynningu fengið frá útflytjendum eða þeim, sem önnuðust sendinguna þeirra vegna, að afhentir hefðu verið fjórir kassar í stað tveggja, þeirra er tilfærðir voru á NY/RVK (þ. e. New York til Reykjavíkur) með farmskírteinisnúmerinu 431, og engin tilraun hafi verið gerð til þess að fá farmskírteini vegna tveggja aukakassanna.

Farmskírteini fyrir vörusendinguna er nr. 431, og er það útfengið 26. 10. 1960. Á því stendur, að um fatnaðarvöru sé að ræða í 2 kössum, 500 ensk pund að brúttóþyngd. Móttakandi vörunnar er „E. HELGASON, REYKJAVÍK, ICELAND“. Ekki er getið um rúmmál vörunnar á skírteininu.

Á afriti farmskírteinis er rúmmál kassanna handskrifað og talið 93/4 rúmfet. Á það eru og skráðir útreikningar á farmgjaldi fyrir vörusendinguna. Útreikningar þessir reyndust ekki réttir, og mun komið að því síðar. Á miða, sem festur er við afritið, er tilkynning, dagsett 3. nóvember 1960, frá Eimskipafélaginu. Er þar skorað á viðtakanda að sækja vöruna sem fyrst.

Samkvæmt leiðarbók m/s Lagarfoss var lokið lestun í New York í undirlestir III. lestar, þ. e. botnlest og millipilfar skipsins, kl. 1200 á hádegi mánudaginn 24. október. Voru þá lagðar frystilúgur í efra millipilfar og það kælt. Þriðjudaginn 25. október, kl. 1720, var lokið við lestun í III. lest, og skömmu eftir miðnætti aðfaranótt 26. október lagði skipið af stað áleiðis til Reykjavíkur.

Mat var látið fram fara á varningi þeim, sem var í margnefndum kössum. Undirmat höfðu á hendi þeir Sigurgeir Ásbjörnsson tollvörður og Björn Guðmundsson, skrifstofumaður í verðlagningadeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Samkvæmt matsgerð þeirra reyndist f.o.b.verð varanna það, er nú skal greina:

Í kassa nr. I \$ 390.24, í kassa nr. II \$ 156.40, í kassa nr. III \$ 2.139.76 og í kassa nr. IV \$ 1.928.60. Alls nemur matsverðið \$ 4.615, eða ísl. kr. 175.831.50 með þáverandi gengi.

Heildsöluverð vörunnar allrar var talið kr. 535.594.98 og smá-söluverð með 3% söluskatti kr. 677.292.50.

Um matið kveðast matsmenn taka fram, að við ákvörðun f.o.b. verðs hafi þeir að mestu leyti stuðzt við verð- og myndlista frá amerísku „magazine“-fyrirtæki og dregið frá þeirra verði um 30%. Enn fremur kveðast þeir hafa í sumum tilvikum haft til hliðsjónar verðlag á sams konar vörum í verzlunum í Reykjavík.

Fyrir dómi hafa matsmennirnir skýrt frá því, að ekki hafi verið hægt að styðjast við innkaupareikningana frá ákærða Eiríki, er að framan hafa verið raktir, vegna þess að vörumagn það, er á þeim greinir, hafi ekki í öllum atriðum verið í samræmi við innihald kassanna. Þá virðist verðið á innkaupareikningunum vera óeðlilega lágt í mörgum tilfellum og alls ekki fá staðizt. Varan í kössum nr. I og II var í pappakössum yfirleitt. Hins vegar var varan í kössum nr. III og IV yfirleitt ekki í smápappakössum. Í kassa nr. I voru 642 tómir pappakassar og í kassa nr. II voru þeir 68. Voru kassar þessir bæði lausir og búntaðir. Að því er Sigurgeir Borgfjörð hefur skýrt frá, voru kassarnir

af tveimur gerðum og undir ákveðnar vörutegundir, þ.e.a.s. kvenfatnað og smábarnakjóra eða smábarnapeysur.

Yfirmat og endurtalning á vörunum voru látin fara fram, og voru þeir Sigmundur Gíslason yfirtollvörður, Jónas Hallgrímsson tollvörður og Sveinn Helgason stórkaupmaður, hér í borg, skipaðir til þessa starfa. Varð niðurstaðan af því þessi:

Kassi nr. I.

- 10 tylftir Children's Creepers (smábarnaföt), og var það 1 tylft meira en á vörureikningi.
 9½ — Children's Nylon Dresses (nælon barnakjólar), og var það ½ úr tylft minna en á vörureikningi.
 10 — Ladies' Shower Caps (baðhúfur kvenna).
 1 — Children's Sweaters (barnapeysur).
 1½ tylftar Children's Nylon Dresses (nælon skírnarkjólar), og var það ½ úr tylft minna en á vörureikningi.

Varning þenna mátu yfirmatsmenn á \$ 346.63.

Kassi nr. II.

- 11 tylftir Children's Tights Yvi (barnasokkabuxur).
 7 — Children's Panties 2004 (barnanærbuxur).
 7 — Children's Panties 1087 (barnanærbuxur).
 7 — Children's Panties 1043 (barnanærbuxur).

Við talningu reyndist varningurinn í kassa þessum samhljóða vörureikningi. Viðvíkjandi Children's Tights (sokkabuxum), taka matsmenn fram, að um afsláttar (party) kaup geti verið að ræða. Litir og stærð er ósamvalið. Litasortering bendir til þess, að kaupandi hafi ekki ráðið litum og stærðum.

Eins og áður greinir, voru pappambúðir (pappakassar) í framangreindum kössum, 642 í kassa nr. I og 68 í kassa nr. II. Telja matsmenn kassana bera með sér, að þeir séu ætlaðir til umbúða um vöruna, og eru þeir því reiknaðir með í matsverðinu.

Varninginn í kassa nr. II mátu matsmenn á \$ 186.45.

Kassi nr. III.

- 27 tylftir Children's Creepers (smábarnaföt, skriðföt).
 14 — — Creepers (smábarnaföt, skriðföt).
 8 — — Creepers (smábarnaföt, skriðföt).
 6 — — Creepers (smábarnaföt, skriðföt).
 9 — — Sweaters (Creap. á r.) (barnapeysur).
 20 — — Panty Sets (barnabuxnasett).
 5 — — Diaper Sets (barnableyjusett).
 24 — — Panties nr. 1043 (barnanærbuxur).
 32 — — Panties nr. 1087 (barnanærbuxur).

| | | | |
|----|---|---|--------------------------------------|
| 27 | — | — | Panties nr. 2004 (barnanærbuxur). |
| 10 | — | — | Bibs (barnasmekkir). |
| 20 | — | — | Sweaters (barnapeysur). |
| 15 | — | — | Nylon Dresses (nælonkjólar barna). |
| 4 | — | — | Nylon Dresses (nælon skírnarkjólar). |

Af Children's Panties nr. 1043 (barnanærbuxum) var 26 tylftum minna magn en á vörureikningi.

Varningurinn í kassa þessum var metinn á \$ 1.995.40.

Kassi nr. IV.

| | | | |
|------------------|---------|--------------------------------------|---------------------------------------|
| 108 | stk. | Children's Snowsuits (barnagallar). | |
| 50 | tylftir | Children's Tights (barnasokkabuxur). | |
| 23 $\frac{1}{6}$ | — | — | Panties nr. 1043 (barnanærbuxur). |
| 16 | — | — | Panties nr. 1087 (barnanærbuxur). |
| 21 | — | — | Panties nr. 2004 (barnanærbuxur). |
| 6 | — | — | Caps nr. 246 (barnahúfur, prjónaðar). |
| 6 | — | — | Caps nr. 248 (barnahúfur, prjónaðar). |
| 6 | — | — | Caps nr. 138 (barnahúfur, prjónaðar). |
| 6 | — | — | Caps nr. 100 (barnahúfur, prjónaðar). |
| 6 | — | — | Caps nr. 735 (barnahúfur, prjónaðar). |
| 6 | — | — | Caps nr. 109 (barnahúfur, prjónaðar). |
| 6 | — | — | Caps nr. 686 (barnahúfur, prjónaðar). |
| 6 | — | — | Caps nr. 934 (barnahúfur, prjónaðar). |

Af Children's Panties nr. 1043 (barnanærbuxur) var 1% tylft minna magn en á vörureikningi. Um Children's Tights (barnasokkabuxur) segja matsmenn, að um sömu vöru sé að ræða og í kassa nr. II. Litir og stærðir eru ósamstæð.

Varningurinn í kassa þessum var metinn á \$ 1.573.60.

Í greinargerð taka yfirmatsmenn fram, að vitanlegt sé, að hægt sé að gera innkaup á vörum í Bandaríkjunum af „exportfirmum“ eða fyrir milligöngu þeirra á a.m.k. þrennan hátt:

1) Eftir venjulegum verðlistum frá exportfirmunum, er hafa vöruna á lager.

2) „Exportfirmun“ taka að sér að velja og kaupa vöruna af framleiðendum og sjá um sendinguna fyrir hönd kaupanda.

3) Innflytjendur kaupa beint frá framleiðanda og fá „exportfirmu“ til að annast alla fyrirgreiðslu, pökkun og sendingu. Verði þóknun sú, sem „exportfirmun“ taka, mismunandi há eftir því, hver þessara leiða er farin, og geti hún numið frá 5—25%.

Matsmenn kveðast hafa haft hliðsjón af ofangreindu við mat sitt á vörunni, auk þess sem þeir hafi kynnt sér smásöluverð á

svipuðum vörum í verzlunum hér, og álíti því matsverðið sannvirði vörunnar.

Við verðútreikninga kveðast matsmenn hafa tekið alla kostnaðarliði, sem venja sé að taka og leyfðir séu af verðlagsstjóra.

Samkvæmt matinu nam f.o.b. verð alls varningsins, er að framan greinir, kr. 156.289.29, kostnaðarverð nam kr. 439.061.48, heildsöluverð kr. 478.583.48 alls og smásöluverð með 3% sölu-skatti alls kr. 616.175.35.

Ákærði Eiríkur mætti fyrst fyrir dómi 17. nóvember 1960, eða daginn eftir að hann kom heim frá Bandaríkjunum, eins og áður greinir. Ákærði hafði farið þangað 2. október og var búinn að vera þar síðan. Ákærði var fyrir vestan eða nánar tiltekið í New York, á meðan m/s Lagarfoss hafði þar viðkomu í margnefnt skipti.

Ákærði hefur skýrt frá því, að ferð þessi hafi verið farin aðallega í vezlunarerindum. Ákærði kveðst sjálfur hafa annast innkaup í New York á varningi þeim, sem var í margnefndum 4 kössum, er komu með m/s Lagarfossi. Varninginn keypti hann hjá einum 5 fyrirtækjum. Varningurinn var sendur til fyrirtækisins North American Export Co., og átti það að sjá um pökkun á honum og útflutning, m. a. með því að fá útflutningsleyfi.

Ákærði var í þinghaldi þessu að því spurður, hvort einhverjir Íslendingar ynnu hjá fyrirtækinu North American Export Co. Kvað ákærði einn Íslending starfa þar, en frá nafni hans vildi hann ekki skýra.

Þegar varningurinn var kominn til nefnds fyrirtækis, var ætlunin að hann yrði settur í tvo stóra kassa. Þegar til kom, reyndust kassarnir ekki nógu stórir fyrir allan varninginn, og þar sem búið var að pakka niður í þá, var þeim lokað og þeir sendir út í m/s Lagarfoss. Var búið að útbúa farmskírteini fyrir kassana og þeir taldir vera 500 ensk pund að þyngd. Hér var þó um ágizkun eina að ræða að sögn ákærða, eins og venja er. Kassarnir voru í rauninni helmingi þyngri eða 500 kg., og hefðu átt að vera skráðir þannig.

Því, sem eftir var af varningnum, var pakkað niður í tvo minni kassa ásamt tónum pappakössum og þeir sendir út í m/s Lagarfoss á síðustu stundu, áður en skipið fór frá New York. Vegna þess hve tíminn var naumur, var farið með kassana beint út í skipið, án þess að útbúið væri fyrir þá farmskírteini. Sáú bandarískir verkamenn um útskipun á kössunum, en engir

Íslendingar komu þar nærri, að ákærði vissi til. Ákærði kveðst hafa gert tilraun til að ganga frá farmskírteini fyrir kassana, en það hafi þá verið of seint og ekki tekizt.

Ákærði skýrir frá því, að kassarnir hafi verið merktir hjá North American Export Co. Voru þeir merktir „E. H.“ og síðan númer sett á þá. Ákærði hafði ekki með merkingu að gera.

Ákærði lagði fram í þinghaldi þessu farmskírteini og reikninga yfir vöruna frá North American Export Co. Ákærði kveðst hafa framvísað reikningunum í Útvegsbankanum til greiðslu, þegar er hann kom hingað til lands, en síðan átti að tollafgreiða vöruna að hans sögn.

Í þinghaldi 8. og 10. febrúar 1961 breytti ákærði Eiríkur í verulegum atriðum framburði sínum. Það hafði komið í ljós við frekari rannsókn málsins, eins og áður er rakið, að framburður ákærða um það, að minni kassarnir, eða kassar I og II, hefðu verið fluttir út í m/s Lagarfoss á síðustu stundu, áður en skipið lagði af stað frá New York, fékk ekki staðizt. Eins og áður er rakið, stóð í leiðarbókum skipsins, að undirlestum III. lestar, þar sem kassarnir voru, hefði verið lokað kl. 1200 á hádegi 24. október, en skipið fór ekki frá New York fyrr en skömmu eftir miðnætti aðfaranótt hins 26. Kassarnir, sem voru allir á svipuðum stað, höfðu því verið komnir út í skipið 1½ sólarhring áður en það lagði af stað frá New York.

Ákærði var þedinn að gefa skýringu á þessu. Skýrði hann þá frá því, að ákærði Kristján hefði skýrt sér frá þessu, en hann ekki vitað um það af eigin raun. Í þessu sambandi bætti ákærði við, að hann hefði ekkert um mál þetta vitað, fyrr en það var skeð hér heima, eins og ákærði orðaði það. Búið var að yfirheyra ákærða Kristján, og var ákærða bent á það, sem hann segði um þetta. Mótmælti ákærði framburði hans og kvað hann meira og minna rangan.

Ákærði kveður ákærða Kristján reka einan framanskráð fyrir-tæki, og hefur hann að sögn ákærða ekkert starfsfólk í sinni þjónustu, nema að bróðir hans mun eitthvað aðstoða hann. Ákærði kveðst ekki vita annað en ákærði Kristján eigi fyrir-tækið einn. Ákærði neitaði að eiga nokkuð í því. Kvað hann það hafa komið til tals, en ekki orðið af því.

Ákærði fól North American Export Co. að sjá um útflutning varningsins, og annaðist ákærði Kristján það algerlega, en ákærði hafði sjálfur engin afskipti af því. Ákærði kveðst ekki hafa vitað, hvernig ákærði Kristján hagaði sendingu varanna, og

ekki heldur, hvað var í kössunum 4, fyrr en eftir á, þegar birzt höfðu í blöðum hér í borg fréttir um það. Að sögn ákærða leyndi ákærði Kristján hann alveg því, hvernig hann ætlaði að haga sendingu varningsins.

Þá skýrði ákærði frá því, að ákærði Kristján hefði átt helminginn af sendingunni óskiptri. Átti hann að fá helminginn af ágóðanum af henni hér heima, enda hafði hann að sögn ákærða lagt til helminginn af innkaupsverðinu. Auk þess fékk ákærði Kristján í sinn hlut 10% af hluta ákærða af innkaupsverði vörunnar fyrir að annast sendingu hennar. Ákærði átti sjálfur að selja vörunnar í sendingunni, og var hann búinn að ráðstafa vörunum meira og minna. Kveðst ákærði hafa ákveðna viðskiptavini, sem hann selji vörur. Mest af barnafatnaðinum í sendingunni átti að fara í verzlunina Valborg hér í borg, en öðru var óráðstafað.

Ákærði kveðst ekki vita, hvað vakað hafi fyrir ákærða Kristjáni með því að setja ekki kassana 2 á farmskrá. Kveður ákærði fyrirtæki hans hafa séð um útflutning á vörum fyrir sig frá Bandaríkjunum. Átti ákærði þá einn vörunnar, og var allt með felldu um þær sendingar.

Ákærði kveðst ekki geta svarað því, hver kom kössunum um borð í m/s Lagarfoss né hvernig var farið að því, en ákærði Kristján átti að annast það. Ákærði neitaði að hafa átt nokkurn þátt í því. Ákærða var kynnt það, sem ákærði Kristján hafði sagt um þetta, en það mun rakið hér á eftir. Mótmælti ákærði því algerlega. Ákærði veit ekki, hvort kassarnir voru gefnir upp til varðmannsins við hliðið á vöruskemmunum sem útskipun á farmi eða sem afhending til skipverja.

Ákærði gat ekki sagt um það, hvers vegna tilraun var ekki gerð til að tryggja sér farmskírteini fyrir kassana tvo, sem ekki voru á skrá. Tók hann fram, að hann væri ókunnugur á svæði því, þar sem íslenzku skipin liggja.

Ákærði var ekkert farinn að hyggja að móttöku kassanna hér heima, enda vissi hann ekki, að þeir voru 4 í sendingunni.

Ákærði kveður ákærða Kristján hafa útbúið innkaupareikningana á dómskjöllum nr. 7—10. Átti ákærði engan þátt í því og getur ekki sagt um það, hvernig á því stendur, að varningurinn í kössunum var ekki í samræmi við varning þann, er á reikningunum greinir.

Ákærði telur, að ákærði Kristján hafi merkt trékassana. Veit ákærði ekki, hvernig á því stendur, að kassarnir eru merktir

„E. H., REYKJAVÍK, ICELAND“, en á farmskránni er E. Helgason & Co., Reykjavík, Iceland, talinn móttakandi kassanna.

Ákærði skýrði frá því, að hann hafi ekki viljað gefa upp nafn ákærða Kristjáns í fyrstu yfirheyrslu, vegna þess að ákærði Kristján hafði áður hlotið dóm hér.

Ákærða voru sýndar ljósmyndirnar af merkimiðunum á pappa-kössunum á dómskjali nr. 19. Ákærði kvaðst ekkert geta sagt um það, hvers vegna rífið hafi verið af merkimiðunum á pappa-kössunum né heldur hvenær það hafi gerzt.

Ákærði var að því spurður, hver hagnaður hefði orðið af sendingunni, þegar búið var að greiða af henni aðflutningsgjöld. Ákærði skýrði frá því, að leyfileg álagning hafi verið 9% af vörum þeim, sem í sendingunni voru.

Ákærði tók fram, að ákærði Kristján hafi ætlað hingað til lands um svipað leyti og hann, en hafi hætt við ferðina, eftir að rannsókn hófst í málinu.

Ákærði mótmælti matsgerð yfirmatsmanna sem allt of hárrí. Hann vísaði til reikninga þeirra, sem lagðir voru fram í málinu í upphafi yfir innkaupsverð vörunnar, og kvað þá reikninga rétta.

Samkvæmt upplýsingum frá Jóni Sigurpálssyni, forstöðumanni Útlendingaeftirlitsins, kom ákærði Kristján hingað til lands 4. desember 1960 og fór aftur af landi brott til Bandaríkjanna 12. janúar 1961.

Ákærði Kristján mætti til yfirheyrslu í dómi 8. desember 1960, en síðan var hann yfirheyrður á árunum 1961 og 1963.

Í þinghaldinu 8. desember skýrði ákærði frá því, að hann ætti hluta í fyrirtækinu North American Export Co. Síðar breytti hann framburði sínum um þetta og kvaðst eiga fyrirtækið einn. Fyrirtæki ákærða annast að hans sögn fyrirgreiðslu við útflutning á vörum frá New York.

Ákærði kveðst hafa hlotið innflytjandaleyfi í Bandaríkjunum 9. september 1953, en leyfi þessu fylgir leyfi til atvinnurekstrar þar. Fyrirtækið North American Export Co. er stofnað í New York árið 1957, og var ákærði einn stofnandi þess. Ákærði Eiríkur fór fram á að verða meðeigandi í fyrirtækinu löngu seinna. Á það vildi ákærði ekki fallast, og varð ekki af því.

Fyrirtækið var skrásett við stofnun þess, og nokkru síðar var það skrásett hjá Dunn & Broadstreet. Gaf firma þetta fyrirtækinu „goodwill“ og skráði það í firmaskrá sína, sem er til reiðu fyrir öll kaupslufyrirtæki í Bandaríkjunum. Í dag er fyrirtækið

North American Export Co. skráð hjá nefndu firma „F 3“, sem þýðir 10—20 þúsund dollara „goodwill“.

Ákærði kveður ákærða Eirík hafa verið staddan í New York í októbermánuði 1960. Ákærði fór þess á leit við fyrirtækið, að það annaðist fyrir sig útflutning á varningi, sem hann hafði keypt á nokkrum stöðum í New York. Varningurinn var sendur fyrirtækinu og látinn í geymslu í vöruskemmu á Long Island í New York, sem fyrirtækið hefur aðgang að. Voru vörurnar fluttar beint í skemmurnar, en komu ekki til fyrirtækisins. Varningurinn var að sögn ákærða rúmlega \$ 3000 að verðmæti. Fyrirtækið hafði síðan símasamband við tollfyrirgreiðslufyrirtækið D. J. Ambrosio, 2—3 dögum áður en vörurnar voru settar niður í kassana, og gaf því upp allan varninginn, nettó þyngd hans og andvirði. Fyrirtækinu var og tilkynnt, að varningurinn ætti að fara í tvo kassa, og var því gefin upp áætluð stærð þeirra, að ákærða minnir. Þó kveður ákærði geta verið, að aðeins hafi verið gefin upp nettóþyngd vörunnar.

Í sambandi við þunga vörunnar á farmskírteini, en hún er talin þar 500 ensk pund, skýrði ákærði frá því, að þar sé um misskilning að ræða. Bendir ákærði á, að þegar þyngd þessi hafi verið gefin upp, hafi verið átt við uppgjöfina í 11. gr. í útflutningsskýrslunni á dómskjali nr. 11, þ.e.a.s. áætlaða nettóþyngd vörunnar án umbúða.

Í þinghaldi 18. ágúst 1961 bætti ákærði enn við þenna framburð sinn. Tók hann fram, að áætluð þyngd kassanna tveggja hafi verið gefin upp í síma til fyrirtækisins D. J. Ambrosio, og geti verið, að ákærði hafi gefið þyngdina upp sem kíló, en fyrirtækið skráð hana sem lbs. eða ensk pund. Ákærði kveðst hafa talið, að þyngdin skipti ekki neinu máli, þar sem um tilbúinn fatnað var að ræða og rúmmál sé alltaf tekið af þannig sendingum. Útflutningsskýrsla ákærða var miðuð við útflutning frá Bandaríkjunum og þá venju, sem er hjá Eimskipafélaginu við móttöku vörunnar þar.

Fyrirtæki ákærða fékk síðan verkamenn til að setja varninginn niður í kassa fyrir sig, og var ætlunin, að hann færi í tvo kassa, enda var þannig gengið frá skjölunum í upphafi. Kassarnir áttu að merkjast „E. H., Reykjavík, Iceland“. Síðar breytti ákærði framburði sínum um þetta. Ákærði kveður umrædda verkamenn hafa átt að sjá um að merkja kassana samkvæmt upplýsingum frá honum. Ákærði hafði gefið fyrirmæli um að merkja kassana „E. Helgason & Co., Reykjavík, Iceland“. Hins vegar voru kass-

arnir merktir „E. H., Reykjavík, Iceland“. Ákærði kveðst ekki hafa vitað um þetta, fyrr en kassarnir voru komnir hingað til lands, en þá var vakin athygli hans á þessu. Í sambandi við þetta tók ákærði fram, að sér væri óskiljanlegt, hvernig þetta hafi farið fram hjá sér, þegar þetta var bókað og síðar lesið upp. Ákærði skýrði frá því, eins og hér á eftir mun rakið, að þegar hann hafi vitað, að kassarnir voru fleiri en tveir, hafi hann farið niður í vöruskemmurnar og rætt málið við ákærða Eirík. Fór þá ákærði Eiríkur að minnast á „E. H.“ og merki á kössunum.

Ákærði kvaðst ekki geta gert grein fyrir mönnum þeim, sem höfðu með höndum þökkunina niður í kassana, þar sem þeir séu hættir þeim starfa. Kveðst ákærði ekki hafa getað haft upp á þeim, þrátt fyrir eftirgrennslan. Ákærði samdi við mennina um starfann, en ákærði Eiríkur hafði engin afskipti af því.

Ákærði skýrði frá því, að ákærði Eiríkur hafi fylgzt með því, er vörurnar voru settar í kassana, og á hann þá sennilega við minni kassana. Mun ákærði Eiríkur, að sögn ákærða, hafa komið á vettvang, er sett hafði verið niður í stærri kassana, þ. e. kassa III og IV, og þeir voru farnir.

Var lítill hluti af varningnum eftir í vöruskemmuni auk umbúða, er ekki hafði komizt í kassana. Var þetta sett niður í tvo minni kassa, en hvernig þeir komust út í m/s Lagarfoss, kveðst ákærði ekki vita.

Síðar breytti ákærði þessu á þá leið, að það væru getgátur hjá sér, að ákærði Eiríkur hafi fylgzt með því, er sett var niður í kassana.

Ákærði var ekki viðstaddur, þegar sett var niður í kassana og gengið frá þeim. Vissi ákærði ekki um það fyrr en eftir á, að varningurinn hafði verið settur niður í 4 kassa.

Menn þeir, sem sáu um að setja vörurnar niður í kassana, fluttu þá í skemmur, þar sem tekið er á móti vörum fyrir Eimskipafélagið í New York. Ákærði hafði engin afskipti af því, er kassarnir voru fluttir út í m/s Lagarfoss, en hann veit ekki, hvort ákærði Eiríkur hafði hönd í bagga með því. Ákærði neitaði því að hafa skýrt ákærða Eiríki frá útskipuninni á kössunum, eins og ákærði Eiríkur heldur fram og getið er í framburði hans hér að framan.

Ákærði taldi líklegt, að minni kassarnir hafi komizt út í m/s Lagarfoss með þeim hætti, að komið hafi verið með kassana í hafnarskemmurnar, eftir að vinnu var lokið, og tilkynnt, að Ís-

lendingar ættu þá. Hafi síðan verið tekið á móti kössunum og þeir fluttir út í skip í þeirri trú, að einhver skipsmaður væri eigandi þeirra. Ákærði tók fram, að þetta væri aðeins tilgáta hjá sér.

Ákærði kveðst ekki hafa vitað um það, að vörurnar höfðu verið settar niður í 4 kassa, fyrr en m/s Lagarfoss var farinn á brott frá New York. Síðar skýrði ákærði frá því, að hann hafi fyrst komizt að þessu, þegar verkamennirnir, sem sáu um að setja niður í kassana, komu til hans til að taka við greiðslu fyrir verkið. Var það nokkrum dögum eftir að m/s Lagarfoss fór frá New York. Þegar ákærði hafði komizt að þessu, kveðst hann hafa rætt málið við ákærða Eirík. Fór ákærði Eiríkur þá að minnast á „E. H.“ og merki á kössunum. Var þetta af því tilefni, að ákærði hafði orð á því í þessu sambandi, að hann yrði að ræða við D. J. Ambrosio og kippa þyrfti þessu í lag með skráninguna á fjölda kassanna.

Ákærði átti tal um þetta við D. J. Ambrosio og sömuleiðis ákærði Eiríkur. Var honum sagt, hvernig komið væri. Kvaðst hann ekkert geta gert í málinu, þar sem skipið væri farið. Tjáði hann ákærða, að varan hefði alls ekki getað farið út í skipið, án þess að hún hefði verið sett á einhvers konar pappíra.

Ákærði skýrði frá því, að hann hafi í upphafi lagt út fyrir vörunum til ákærða Eiríks, en síðan átti ákærði Eiríkur að greiða honum gegnum banka hér.

Síðar skýrði ákærði frá því, að hann hafi ekki lagt út neitt fyrir vörunum, heldur gengið í greiðsluábyrgð fyrir þeim, en samkvæmt því var hann ábyrgur gagnvart bandarísku fyrirtækjunum, sem vörurnar voru frá, um skilvísa greiðslu. Ákærði kveður þetta vera þá einu aðferð, sem hann hafi notað, eftir að hann fékk „goodwill“ fyrirtækisins skráð.

Ákærði neitaði því, sem Eiríkur hefur skýrt frá, að ákærði hafi átt helminginn af varningnum. Ákærði kveður ákærða Eirík hafa átt varninginn einn, og hafi hann greitt sér fyrir hann seinni partinn í nóvember árið 1960 með tékka frá Útvegsbanka Íslands, að fjárhæð \$ 3053.55.

Ákærði kveður það hafa verið hlutverk sitt að koma vörunum á löglegan hátt út úr landinu. Í umboðslaun átti hann að fá greidd frá ákærða Eiríki 10% af innkaupsverði vörunnar í Bandaríkjunum. Voru þetta einu hagsmunirnir, sem ákærði hafði í sambandi við útflutning varanna. Þegar ákærði var yfir-

heyrður 18. ágúst 1961, var ákærði Eiríkur ekki farinn að greiða ákærða þetta.

Ákærði kveðst enga skýringu geta gefið á því, hvers vegna rifið hafi verið af merkimiðum kassanna né hvenær það hafi gerzt. Átti ákærði engan þátt í þessu.

Í sambandi við yfirmatið á vörunum og talningu á þeim hélt ákærði því fram, að vörumagnið í sendingunni hafi átt að vera, eins og á vörureikningunum á dóm skjölunum nr. 7—10 greinir, og sömuleiðis verðmæti vörunnar. Mótmælti ákærði yfirmatinu, að því er verðmætið snertir. Kveður hann mikið af vörunum í sendingunni hafa verið útsöluvörur.

Ákærðu voru samprófaðir, en samprófunin bar ekki árangur. Hélt hvor þeirra fast við framburð sinn, og náðist ekki samræmi á milli framburða þeirra.

Við samprófunina skýrði ákærði Kristján frá því, að sett hafi verið niður í kassana í skúr, skammt þaðan sem fyrirtæki hans er til húsa, en nánar gat hann ekki skýrt frá því. Ætlaði ákærði að láta dóminum í té götunúmerið, en hefur ekki gert það. Ákærði kveður þetta hafa verið eina skiptið, sem hann skipti við margnefnda pökkunarmenn.

Ákærði Kristján skýrði frá því, að ákærði Eiríkur hefði greitt fyrir varninginn með tékka frá Útvegsbanka Íslands, að fjárhæð \$ 3053.55. Ákærði Eiríkur kveður það rétt, að hann hafi greitt þessa upphæð, en það hafi verið gert með peningum þeirra beggja. Kveðst ákærði hafa verið með peninga frá ákærða Kristjáni.

Ákærði Haraldur Ólafsson var skipstjóri á m/s Lagarfossi í umræddri ferð. Ákærði kveðst ekkert geta sagt um margnefnda kassa til ákærða Eiríks, er komu með skipinu frá New York hingað til lands 3. nóvember 1960.

Ákærði kveður stýrimenn skipsins hafa haft umsjón með fermingu þess, en ákærði hafði sjálfur engin afskipti af henni.

Ákærði kveðst á engan hátt hafa fylgzt með því, hvað fór út í skipið í umrætt skipti. Kveður hann það vera sér ráðgáta, hvornig hægt sé að koma varningi, sem ekki er á skrá, í vöruskemurnar við höfnina, en þaðan er hann fluttur út í skipið.

Vitnið Ágúst Jónsson, Kirkjutorgi 6, hér í borg, var 2. stýrimaður á m/s Lagarfossi í umræddri ferð.

Vitnið hefur skýrt frá því, að stýrimenn fái lista yfir heildarmagn varnings, sem fer út í skipin í erlendum höfnum, og einnig yfir þyngd og ummál stykkjavarnings (General Cargo). Ekki

eru nokkur tók á því að fylgjast með því nákvæmlega, hvað fer út í skipin, þar sem venjulega er verið að lesta í fjórar lestir í einu. Hlutverk stýrimanns er aðallega í því fólgið að sjá um, að varningurinn komist óskemmdur út í skipin og að haganlega sé búið um hann í lestunum.

Vitnið kveðst ekkert hafa vitað um kassana til ákærða Eiríks, er merktir voru „E. H., REYKJAVÍK, ICELAND“. Vitnið frétti um kassana síðar.

Vitnið getur ekki gert sér grein fyrir því, hvernig kassarnir til ákærða Eiríks, er fram yfir voru það, sem á farmskrá greinir, hafi getað komizt inn í vörugeymsluhúsin við höfnina. Eftir að þangað er komið, er ekki haft nákvæmt eftirlit með því, hverju er skipað út, nema þegar um farm sérstaks eðlis (Special Cargo) er að ræða.

Vitnið Jarl Sigurðsson, Freyjugötu 11, hér í borg, sem var 3. stýrimaður á m/s Lagarfossi í umræddri ferð, hefur skýrt frá á sama hátt og vitnið Ágúst Jónsson. Vitnið kveður menn í landi hafa átt að sjá um það, að ekkert færi annað út í skipið en það, sem tilgreint var á skipsskjölunum. Vitnið kveður stýrimenn á engan hátt geta fylgzt með því, hvað fer út í skipin í erlendum höfnum. Þeir fá lista yfir varning þann, sem á að fara með skipinu, og er þá heildarmagnið tilgreint. Þegar um vörur sérstaks eðlis er að ræða, „Special Cargo“, eru þær taldar og fylgzt nákvæmlega með því, hvað fer um borð.

Vitnið kveðst ekkert hafa vitað um margnefnda kassa, sem merktir voru „E. H., REYKJAVÍK, ICELAND“, fyrr en það frétti um það síðar, að tollgæzlumenn hefðu fundið þá í skipinu.

Vitninu var kynnt frásögn tollgæzlumannanna um fund kassanna í skipinu og einnig fyrsti framburður ákærða Eiríks. Vitnið staðfesti það, er segir í leiðarþók skipsins um lestun þess og brottför frá New York. Samkvæmt því, er í leiðarþókinni greinir um lokun undirlesta III. lestar, hafa kassarnir verið örugglega komnir út í skipið kl. 1200 á hádegi hinn 24. október 1960. Fær því framburður ákærða Eiríks um, að kassar I og II hafi farið út í skipið á síðustu stundu, áður en það lagði af stað frá New York, ekki staðizt.

Vitnið Guðmundur Jóhann Jónsson, yfirverkstjóri hjá Eimskipafélagi Íslands, hefur skýrt frá því, að öll sekkjavara, sem kemur með skipum félagsins hingað til lands, sé flutt í vöruskemmur þess við höfnina. Annar varningur er fluttur á bifreiðum, sem ýmist eru frá Eimskipafélaginu eða vörubifreiðastöðinni Þrótti, í skála

félagsins við Skúlagötu eða Borgartún. Varningurinn, sem kom með m/s Lagarfossi, fór í skálana við Skúlagötu eða Borgartún, að undantekinni sekkjavöru, eins og áður greinir. Varningnum var ekið beint frá skipshlið í vörugeymslunna. Ekki eru útbúin nein skilríki, sem bifreiðastjórnarnir hafa meðferðis og láta kvitta fyrir í umræddum vöruskemmum, þegar þeir afhenda vörurnar. Yfirleitt eru allar vörurnar sendar beint í skálana, að undanskildu miklu magni af samkynja vöru, svo sem pappír og sekkjavöru, sem ekið er oft beint til viðtakenda, er síðan gefa kvittun fyrir móttöku.

Vitnið kveðst gefa fyrirmæli um það, hvert varan á að fara, en verkstjórnarnir við skipin koma fyrirmælunum áleiðis til bifreiðastjórnanna. Verkstjórnarnir eru 3, en stundum grípur einn að auki inn í, en það er mjög sjaldgæft. Um aðra er ekki að ræða að sögn vitnisins, sem hafa þetta með höndum.

Vitnið neitaði að hafa haft nokkuð með kassana 4 til ákærða Eiríks að gera og kveðst ekki þekkja ákærða.

Í máli þessu var lögð fram dómsrannsókn, sem fór fram samkvæmt kæru tollgæzlustjóra, dagsettri 28. september 1961, um það, að starfsmenn Eimskipafélags Íslands hefðu þrisvar á árinu 1961 afhent vörur úr skemmum félagsins við Borgartún án vitundar og leyfis tollgæzlunnar. Voru tvær af vörusendingunum til verzlunarfélags í kaupþúni á Suðvesturlandi, og höfðu þær í heild verið afhentar, en ein til heildverzlunar einnar hér í borg, og hafði hluti af henni verið afhentur. Tveir af starfsmönnum Eimskipafélags Íslands viðurkenndu að hafa leyft afhendingu vörusendinganna án leyfis tollgæzlunnar. Voru þeir báðir áminntir samkvæmt kröfu saksóknara ríkisins fyrir brot á lögum nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit.

Vitnið Erlingur Brynjólfsson, starfsmaður hjá Eimskipafélagi Íslands, Eskihlíð 11, hér í borg, hefur skýrt frá því, að Eimskipafélagið hafi fengið afrit af farmskírteini yfir kassana til ákærða Eiríks í flugpósti. Vitnið mundi ekki nákvæmlega, hvenær afritið kom, en venjulega koma slík afrit einum til tveimur dögum áður en skipin koma. Á afrit þetta, sem vitnið sýndi dómnum, er skráð, að 2 kassarnir til ákærða Eiríks hafi verið 93.4 rúmfet. Fyrirtækið American Stevedores, Inc., í New York, annast slíkar mælingar fyrir Eimskipafélag Íslands, og kveður vitnið það hafa gefið upp þessa tölu. Sendandinn gefur hins vegar upp þyngd vörunnar. Vitnið kveður farmgjaldið miðað við rúm-mál vörunnar, en ekki þyngd. Afrit af farmskírteininu á dóm-

skjali nr. 25, kom með m/s Lagarfossi frá New York auk annars afrits. Á afrit þetta er einnig skráð um rúmmál á kössunum til ákærða Eiríks. Var afritið sent til hans, eins og tilkynningin, sem við það er fest, ber með sér.

Vitnið skýrði frá því í sambandi við farmskírteinið á dómskjali nr. 6, en á það er ekki skráð rúmmál kassanna til ákærða Eiríks, að rúmmálið sé eiginlega aldrei sett á frumrit farmskírteinis.

Á afriti farmskírteinisins er útreikningur hjá Eimskipafélaginu á farmgjaldi af vörunni. Var það talið nema kr. 2.475.30. Við það bætist uppskipun, kr. 125.55, og hafnargjald eða tollur, kr. 11.25. Upphæð þessi varð því alls kr. 2.613.10. Þegar þetta var reiknað út, var miðað við \$ 1.17 á rúmfet. Að sögn vitnisins reiknaði maður, sem var nýbyrjaður að starfa hjá félaginu og var óvanur, út framangreind gjöld. Vitnið kveður hafa orðið mistök hjá honum við útreikninginn. Hafi átt að miða við taxtann, \$ 1.52 $\frac{1}{3}$ á rúmfet, en ekki \$ 1.17. Breytist þá farmgjaldið þannig, að það hækkar upp í kr. 2.224.05, og verður gjaldið alls kr. 3.360.85. Var tollstjóra og tollendurskoðun send tilkynning, dagsett 2. desember 1960, um breytingu á þessu. Lá tilkynning þessi frammi í dóminum.

Í bréfi Unnsteins Becks tollgæzlustjóra, dagsettu 9. þ. m., segir um útreikninga þessa á þessa leið: „Samkvæmt upplýsingum, sem ég hef aflað mér, voru farmgjaldstaxtar fyrir stykkjavöru á þeim tíma, sem í málinu greinir, yfirleitt miðaðir við þunga. Þó hafði farmflytjandi val um, hvort miðað skyldi við þunga eða rúmmál, ef um rúmfreka vöru var að ræða, og var þá að sjálfsgöðu farið eftir þeim taxtanum, sem gaf hærra farmgjald. Einstakir vöruflokkar voru þó alltaf reiknaðir eftir rúmmálsfarmgjaldi, og átti það m. a. við um fatnaðarvörur frá Ameríku. Munu hafa verið þrjár mismunandi gjaldtaxtar, miðað við rúmmálseiningu (fet³), \$ 0.90, 1.27 og 1.523, eftir því um hvers konar vöru var að ræða. Um fatnaðarvörur gildi taxtinn \$ 1.523 pr. fet³. Taxtinn \$ 1.17 pr. fet³ virðist hins vegar ekki hafa verið þekktur, eða a.m.k. ekki tekinn í gjaldskrár skipafélaganna. Þegar þessum tóxtum var breytt í íslenzkar krónur, var miðað við sérstakt gengi, samþykkt af verðlagseftirlitinu, sem á þessum tíma var kr. 22.66 fyrir hvern \$.

Samkvæmt mælingu tollgæzlunnar eru stærri kassarnir (nr. III og IV) samtals 90.03 fet³ að rúmmáli. Á farmskírteininu

er rúmmál þeirra talið 93.4 fet³. Minni kassarnir eru samkvæmt mælingu tollgæzlumanna 66.58 fet³.“

Ákærði Haraldur Ólafsson var, eins og áður greinir, skipstjóri á m/s Lagarfossi í umræddri ferð. Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. sbr. 42. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956 ber skipstjóra m. a. að sjá um, að allar vörur, sem koma hingað með skipi og ætlað er að setja á land, séu á farmskrá þess. Að því er nefnda kassa varðar, hefur þessa ekki verið gætt, eins og að framan er rakið.

Pótt framangreind lagaákvæði séu þannig orðuð um þessa ábyrgð skipstjóra, lítur dómurinn svo á, að skýra beri þau á þá leið, að þau séu aðeins til vara. Skuli ekki beita þeim gagnvart skipstjóra, þegar tekizt hefur að hafa upp á sendanda vöru, sem er utan farmskrár, og eiganda hennar og báðir sæta íslenskri lögsögu, en svo er um ákærða Kristján, forstöðumann og eiganda fyrirtækisins North American Export Co., og ákærða Eirík.

Ber samkvæmt framansögðu að sýkna ákærða Harald af ákær-
unni í máli þessu, enda er ekki fram komið, að hann hafi vitað um né haft nokkra aðstöðu til að fylgjast með því, hvað fór út í m/s Lagarfoss í New York, á meðan á lestun skipsins stóð þar í framangreint skipti. Samkvæmt því ber að dæma ríkissjóð til að greiða skipuðum verjanda ákærða, Einari B. Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, er þykja hæfi-
lega ákveðin kr. 4.000.00.

Eins og nú hefur verið rakið, eru framburðir ákærðu Eiríks og Kristjáns talsvert á reiki um málsatvik, sérstaklega framburður ákærða Eiríks. Hefur ákærði Eiríkur breytt framburði sínum í veigamiklum atriðum, á meðan á rannsókn málsins hefur staðið. Þá ber ákærðu mikið á milli, og hefur ekki tekizt að ná samræmi í framburðum þeirra.

Í framburðum ákærðu kemur fram, að um eina vörusendingu hafi verið að ræða, og er það í samræmi við annað, sem fram hefur komið í máli þessu um það.

Við athugun á framburði ákærða Eiríks þykir vera ljóst, að ákærði hafi vitað, að margnefnd vörusending var sett í 4 kassa, enda pótt D. J. Ambrosio tollfyrirgreiðslumanni hafi verið tilkynnt, að þeir væru 2, og að kassarnir allir hafi verið fluttir út í m/s Lagarfoss, án þess að skilríki hafi verið útbúin, nema að því er virðist aðeins fyrir 2 þeirra.

Þá kemur og fram í framburði ákærða, að um ágizkun hafi verið að ræða, þegar þyngd kassanna tveggja, þ. e. kassa nr. III

og IV, var gefin upp 500 ensk pund. Kassarnir voru raunverulega helmingi þyngri að sögn ákærða eða 500 kg.

Loks kemur fram hjá ákærða, að hann hafi vitað, að kassarnir voru merktir „E. H.“.

Framburður ákærða Kristjáns styður það og, að ákærði hafi vitað um það, er nú hefur verið rakið.

Ákærði Eiríkur breytti að vísu framburði sínum um framangreind atriði, eins og að framan greinir. Ákærði hefur þó ekki rennt nægilegum stoðum undir það, að breytingarnar hafi við rök að styðjast, og þykir því ekki hægt að taka þær til greina.

Fyrirtæki ákærða Kristjáns, North American Export Co., sá um útflutning vörunnar, eins og áður greinir. Að því er fram hefur komið í málinu, á ákærði fyrirtækið einn og starfar að mestu einn við það. Ákærði kveður fyrirtæki sitt hafa gefið D. J. Ambrosio upp, 2 til 3 dögum áður en varan var sett niður í kassana, nettóþyngd og andvirði hennar og einnig tilkynnt honum, að varan ætti að fara í 2 kassa. Hefur ákærði komið með tvær skýringar á því, að kassarnir voru taldir vera 500 ensk pund, eins og að framan greinir.

Ákærði kveðst hins vegar ekki hafa verið viðstaddur, er gengið var frá kössunum, og ekki vitað fyrr en eftir á, er m/s Lagarfoss var farinn frá New York, að varan hafði verið sett í 4 kassa. Ákærði kvaðst ekki heldur vita, hvernig kassarnir hafi komizt út í skipið. Síðar bætti ákærði því við, að hann hefði komizt að því, að kassarnir voru 4, nokkrum dögum eftir að m/s Lagarfoss var farinn frá New York, þegar verkamennirnir, sem sett höfðu niður í kassana, komu til ákærða til að taka við greiðslu.

Framangreindur framburður ákærða þykir hæginn og ósenni-
legur, sérstaklega þegar það er virt, að ákærði á einn fyrirtækið North American Export Co. og virðist starfa þar einn að mestu. Þá gefur framburður ákærða Eiríks það til kynna, að ákærði hafi vitað meira um þetta en hann vill vera láta, sbr. það, að ákærði kveður ákærða Kristján hafa skýrt sér frá tildrögum þess, að kassarnir urðu 4, og eins hvernig þeir komust inn í vöruskemmurnar.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir sannað, að ákærða Kristjáni hafi verið kunnugt um uppgjöfina á þyngd vörunnar og eins að hann hafi vitað, að merking hennar var ekki í samræmi við það, er á skipsskjölum greindi.

Enda þótt ákærði hafi ekki viljað viðurkenna að hafa vitað

um það, að varan fór frá New York með m/s Lagarfossi í 4 kössum í stað 2, eins og hann hafði gefið upp, þá viðurkennir hann, að hann hafi komizt að þessu, eftir að m/s Lagarfoss var farinn frá New York. Ákærði og einnig ákærði Eiríkur kveðast hafa gert tilraun til að leiðrétta þetta, en það ekki tekizt. Ekki hafa þeir þó rennt neinum stoðum undir þessi ummæli sín, og er ekkert komið fram um það, að þeir hafi aðhafzt neitt í málinu, sem ákærða Kristjáni hefði þó borið skylda til, þar sem fyrir-tæki hans var sendandi vörunnar.

Að vísu kemur fram í bréfi D. J. Ambrosio, að ákærði hafi átt tal við hann um, að merkingu vörunnar hafi verið áfátt, en ekki annað. Hins vegar tilkynnir ákærði Thule Ship Agency, Inc., ekkert um þetta, eins og í bréfi þess greinir.

Eins og fram kemur í bréfi tollgæzlustjóra, fá tollverðir aðeins í hendur farmskrá við eftirlitsstörf sín í skipum, en ekki önnur skjöl, að því er varninginn varðar. Þegar umrædd vörusending er borin saman við uppgjöfina á vörusendingu nr. 431 á farmskránni, en um sömu vörusendingu mun vera að ræða, kemur í ljós, að merking kassanna, þyngd þeirra og fjöldi eru ekki í samræmi við það, er á farmskránni greinir.

Samkvæmt framansögðu verður að miða við, að farmskráin, sem útbúin er samkvæmt farmskírteinum, sé hin raunverulega uppgjöf til tollgæzlunnar á vörum, sem koma með skipum, enda hafa tollverðir ekki við annað að styðjast, eins og áður greinir.

Þá kemur það og fram, þegar varan í kössunum 4 er borin saman við reikninga þá yfir vöruna, sem ákærði Eiríkur afhenti dóminum frá fyrirtækinu North American Export Co., að hún er ekki í samræmi við það, er á reikningunum greinir.

Þá er og á það að líta, að á nefndum vörureikningum er varan talin að verðmæti \$ 3.052.64, og samkvæmt framburði ákærða Eiríks framvísaði hann þessum reikningum í Útvegsbankanum til greiðslu þegar, er hann kom heim frá Bandaríkjunum. Við yfirmat er varan hins vegar metin á \$ 4.102.08.

Loks kemur það fram, að kassarnir eru merktir með blákrít eða svartkrít, en að sögn tollgæzlustjóra er það fremur fátítt, að kassar, sendir verzlunarfyrirtækjum, séu þannig merktir, en þó ekki eins dæmi.

Ákærðu, sérstaklega ákærði Eiríkur, hafa haldið því fram, að skipsskjölin eigi við stærri kassana, þ. e. kassa III og IV, en í þeim er varningur, sem yfirmatsmenn mátu að f.o.b. verði á \$ 3.569.00. Í minni kössunum, nr. I og II, er hins vegar varn-

ingur, sem metinn var að f.o.b. verði á \$ 533.08. Máli sínu til sönnunar hafa ákærðu bent á það, að á kössum nr. III og IV sé skráð númerið 1494, sem er það sama og á hafnarkvittuninni frá New York. Einnig benda þeir á það, að rúmmálið á stærri kössunum sé í samræmi við rúmmálið, sem tilgreint er á hafnarkvittuninni og einnig á afriti farmskírteinis.

Gögn þessi voru ekki fyrir hendi, þegar uppskipun úr m/s Lagarfossi fór fram, og höfðu tollverðirnir þau því ekki til að styðjast við við gæzlu sína. Um númerið 1494 á stærri kössunum tók tollgæzlustjóri fram, að slík merki hafi enga þýðingu gagnvart tollgæzlunni, enda sé farmskráin hið eina, sem tollgæzlumenn geti farið eftir.

Eins og nú hefur verið rakið, brestur mikið á, að umrædd vörusending sé í samræmi við farmskrá, sem þykir verða að miða við uppgjöf vörunnar. Þó þykir mega líta svo á, að merkingu á minni kössunum, nr. I og II, sé ekki það áfátt, að telja meg, að farmskráin geti átt við þá, enda kemur þyngd þeirra næstum heim við farmskrána. Ber samkvæmt því að sýkna ákærða Kristján af ákærinni um brot á 1. mgr. 38. gr. sbr. 2. mgr. 23. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 68/1956, að því er umrædda kassa varðar.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna ákærða Eirík af ákærinni um upptöku á nefndum kössum.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir ákærði Kristján hafa orðið brotlegur gegn 1. mgr. 38. sbr. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit, að því er innflutning kassa nr. III og IV varðar.

Refsing ákærða Kristjáns þykir hæfilega ákveðin kr. 80.000.00 sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls S. Páls-sonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Samkvæmt framansögðu ber samkvæmt 4. mgr. 38. gr. laga nr. 68/1956 um tollheimtu og tolleftirlit að dæma ákærða Eirík til að þola upptöku til ríkissjóðs á vörum þeim, sem voru í stærri kössunum, nr. III og IV, en þær hafa verið taldar upp hér að framan.

Í ákæru er ekki gerð krafa um það, að ákærði Eiríkur verði dæmdur til að greiða málskostnað, og ber því að dæma ríkis-

sjóð til að greiða skipuðum verjanda hans, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, er þykja hæfilega ákveðin kr. 5.000.00.

Í sambandi við drátt þann, sem orðið hefur á máli þessu, vill dómariinn taka fram, að hann sendi það til fyrirsagnar Dómsmálaráðuneytisins með bréfi, dags. 28. marz 1961. Hinn 18. ágúst og 11. september sama ár háði dómariinn framhaldsrannsókn í málinu, og voru endurrit af rannsókninni send saksóknara með bréfi, dags. 14. september 1961. Eins og áður greinir, er ákæra í málinu dagsett 25. október s.l.

Dómsorð:

Ákærði Haraldur Ólafsson á að vera sýkn af ákærinni í máli þessu.

Málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Kristján Ágústsson greiði 80.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Ákærði Eiríkur Helgason skal þola upptöku á varningi þeim, er var í kössum, auðkenndum nr. III og IV hér að framan, en ákærði á að vera sýkn af ákærinni um upptöku á varningi í kössum, auðkenndum nr. I og II.

Málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.
